

Ársfundur Vorstehdeildar haldinn í húsakynnum HRFI 10/02/2016

Fundargerð

Formaður deildarinnar Díana Sigurfinnsdóttir setti fundinn og bauð alla velkomna.

Því næst var gengið til kosninga um fundarstjóra og stakk Díana upp á Hannesi Bjarnasyni og hlaut hann rússneska kosningu.

Ritar var kosin Eydís Gréta Guðbrandsdóttir.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins sem var hefðbundin aðalfundar dagskrá.

Fundarstjóri kannað lögmati fundarins og því næst las formaður ársskýslu deildarinnar sem var bæði ítarleg og góð.

Þar var stiklað á stóru um starf deildarinnar á líðandi starfsári en hægt er að sjá skýrsluna á heimasíðu deildarinnar.

Því næst var boðið upp á umræður um skýrsluna og voru engar athugasemdir gerðar við hana.

Þá var komið að liðnum kosningu til stjórnar. Úr stjórn gengu þau Díana Sigurfinnsdóttir og Jón Svan Grétarsson.

Tvö buðu fram krafta sína í stórn þau Sigríður Oddný Hrólfsdóttir og Guðmundur Pétursson. Þar sem ekki fleiri buðu sig fram voru þau sjálfkjörin og samþykkt með lófaklappi fundargesta.

Önnur mál.

Undir liðnum önnur mál var ýmislegt rætt.

Einn fundargestur lýsti skoðun sinni á nýrri stigatöflu deildarinnar og vildi sjá 1.stig fyrir 7.sæti í keppnisflokki. Var borin fram breytingartillaga sem hljóðaði upp á þá breytingu að 7.sæti í KF yrði bætt við og gæfi 1.stig til stigahæsta hunds deildarinnar. Tillaga samþykkt samhljóða.

Einnig kom fram ánæga með að deildin hafi ákveðið að hafa 3 flokka í stað tveggja til stigahæsta hunds ársins. Var þar átt við að KF var slitin frá opnum flokki og eru því 3 flokkar í dag. Ungundaflokkur, Opinn flokkur og Keppnisflokkur.

Díönu og Jón Svan voru þökkuð vel unnin störf í þágu deildarinnar

Nokkur umræða spannst um „dómararáð“ í kjölfar nýrra upplýsinga sem voru á þá leið að það væri ekki til. Hafi í raun aldrei verið stofnað og í framhaldi var stjórn deildarinnar spurð hvort kanna ætti hvaða afleiðingar það hefði í för með sér? Hvor allar ákvarðanir sem „ráðið“ hefur hingað til tekið séu dauðar og ómerkar? Fundargestir almennt óánægði með framkomu „dómararáðs“ og talað var um að svona framkoma væri mjög ótrúverðug af hálfu dómara.

Þá var nokkur umræða um íslensku dómara og þeirra störf. Meðal annars að þeir röðuðu sér niður á flest prófin sín á milli. Hvort ekki væri eðlilegra að deildirnar byðu þeim dómara að dæma sem þær kysu helst að dæmdu prófin. Kom þá fram Vorstehdeild hefði í þau skipti sem þannig hefði til hagað alltaf boðið þeim íslensku dómurum sérstaklega að dæma sem dæmt hefðu í gegnum árin próf deildarinnar. Önnur próf hefði deildin ekkert með að gera eða skipulag þeirra.

Rifjuð var upp samþykkt aðalfundar fyrir nokkrum árum að deildin myndi beita sér fyrir að gerðar yrðu siðareglur fyrir dómara, dómurum og þátttakendum til verndar. Var því beint til stjórnar að taka það upp og klára málið þar sem sú tillaga var samþykkt.

Nokkur umræða spannst vegna fulltrúa HRFI sem reglum samkvæmt verður að vera í öllum prófum fuglahundadeildanna. Af hverju þess væri krafist og hvaðan kemur sú ákvörðun? Fram kom að tvisvar sinnum hefur deildin lent í alvarlegri krísu vegna þess. Í bæði skiptin hættu dómarar við á síðustu stundu að sinna því „embætti“ nú síðast í haust.

Var sú tillaga borin fram til samþykktar eða synjunar fyrir fundinn að fara þess á leit við stjórn HRFI að ekki þyrfti dómaraþingi til að vera fulltrúi HRFI í prófum og eða fella það „embætti“ niður. Eins og fram kom hér að ofan eru fordæmi fyrir því að fulltrúi HRFI sé ekki á staðnum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Einnig kom fram almenn ánægja á fundinum með ákvörðun stjórnar að ekki hefði verið valin besti hundur prófs í UF og OF á árinu. Þetta væru próf en ekki keppni og verður því fyrirkomulagi haldið áfram.

Góður andi var á fundinum og góð samstaða meðal fundargesta sem voru 19 talsins sem verður að teljast góð mæting.